

Ár 2007, mánudaginn 1. október, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-244/2007:

Ákærvaldið

(Gunnar Örn Jónsson ftr.)

gegn

Gunný Judith Henrýsdóttur

(Benedikt Ólafsson hrl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var þann 14. júní sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 23. maí 2007, á hendur Gunný Judith Henrýsdóttur, kt. 000000-0000, Hilmisgötu 1, Vestmannaeyjum,

„fyrir umferðarlagabrot

I

með því að hafa, skömmu fyrir hádegi föstudaginn 9. mars 2007 ekið bifreiðinni DV-045 undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 1,57%) út úr Herjólfi, sem þá lá við landfestar í Þorlákshöfn, og um Svartaskersbryggju þar sem lögreglan stöðvaði akstur ákærðu.

Telst brot ákærðu varða við 1. sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga.

II.

með því að hafa, aðfaranótt miðvikudagsins 21. mars 2007 ekið bifreiðinni DV-045 undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 2,23%) um Skarphéðinsgötu í Reykjavík, þar sem ákærða ók á steinvegg við hús nr. 20 og á bifreiðina JE-517 sem stóð kyrrstæð hinum megin við götuna og fyrir að hafa umrætt sinn horfið á braut fótgangandi af vettvangi án þess að gegna lögboðnum skyldum sínum vegna óhappsins.

Telst brot ákærðu varða við 1. mgr. 10. gr. og 1. sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50,1987 sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til sviptingar ökuréttar, samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. lög nr. 44,1993, lög nr. 57,1997, lög nr. 23,1998, lög nr. 132,2003 og lög nr. 84,2004.“

Ákærða mætti við þingfestingu málsins þann 14. júní sl. ásamt verjanda sínum og neitaði sök. Krafðist verjandi ákærðu vægustu refsingar varðandi ákærulið I en sýknu vegna ákæruliðar II auk málsvarnarlauna. Framhaldsaðalmeðferð fór fram þann 9. maí sl. Krafðist ákærði sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa auk þess að krafist var málsvarnarlauna.

Málsatvik:

Ákærða játaði sök varðandi ákærulið I og er vísað til ákæru varðandi þau málsatvik.

Í upplýsingaskýrslu lögreglunnar, dagsettri 22. mars 2007, kemur fram að lögreglan hafi verið við eftirlit á ómerktri lögreglubifreið, akandi Rauðarárstíg í norðurátt, þegar athygli lögreglumanna beindist að konu sem gekk yfir götuna og var augljóslega undir áhrifum áfengis. Þegar komið var að gatnamótum Laugavegar og Snorrabrautar hafi komið tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar (FML) um að íbúi á Skarphéðinsgötu hefði orðið vitni að því að kona hefði ekið bifreið á grindverk sem staðsett væri á Skarphéðinsgötu og gengið svo á brott frá vettvangi. Væri vitnið, Hörður E. Ólafsson, á gangi á eftir konunni og væri hún gangandi á leið upp Stórholtið. Hefði lögreglan þá ekið upp í Stórholt og séð konuna á gangi og haft afskipti af henni. Í framhaldi hefði konan verið handtekin og færð á lögreglustöð og vistuð þar vegna ölvunar. Var slysavettvangur strax afgirtur og bifreiðin síðan flutt á athafnasvæði Króks í Kópavogi.

Skýrslur fyrir lögreglu og dómi:

Ákærða gaf skýrslu hjá lögreglu nóttina sem hún var handtekin. Kvaðst hún hafa verið að koma af bar á Hverfisgötunni, gengið upp Hverfisgötuna, beygt til hægri og gengið svo Meðalholtið. Kvaðst hún hafa lagt af stað um fimm mínútum áður en lögreglan stoppaði hana. Kvaðst hún ekki hafa hugmynd um það hvar hún var þegar lögreglan hafði afskipti af henni en hún hafi verið á leið heim til bróður síns. Þá kvað hún Henry M. Kristjánsson vera eiganda að bifreiðinni DV-045 og að kveikjulaslykillinn, sem fannst á henni við handtöku, hafi verið að þeirri bifreið. Þá kvað hún bifreiðina vera á Hverfisgötunni og að tveir lykklar væru til að bifreiðinni. Ákærða gaf aftur skýrslu hjá lögreglu daginn eftir að hún var handtekin. Skýrði hún þá svo frá að hún hefði farið á bifreiðinni DV-045 að Poolstofunni við Hverfisgötu kvöldinu áður og beðið þar eftir aðila sem aldrei kom. Hún hefði drukkið marga bjóra og ákveðið síðan að aka heim en ekki gert sér grein fyrir því hversu ölvuð hún var. Kvaðst hún síðan ekkert hafa munað fyrr en hún kenndi til í

andliti. Aðspurð kvaðst ákærða ekki muna hvaða leið hún hefði ekið en sennilega hefði hún beygt upp Snorrabraut og mundi síðan ekki vel eftir akstrinum þar sem það hefði svifið mjög á hana. Þá kvaðst hún hafa ætlað að aka að Meðalholti 1 eða 3. Þá kvaðst ákærða draga framburð sinn, sem hún gaf hjá lögreglu fyrir um nóttina, til baka þar sem hann væri ekki réttur.

Ákærða kom fyrir dóminn og neitaði þá sök. Kvaðst hún hafa verið á Poolstofunni við Hverfisgötu umrætt kvöld og farið þangað á bifreiðinni DV-045. Hafi hún verið með kveikjuláslyklana á sér. Tveir lykklar hafi verið til að bifreiðinni og hafi hinn lykillinn verið annaðhvort í hanskahólfinu eða undir útvarpinu í bifreiðinni. Kvað hún föður sinn vera skráðan eiganda bifreiðarinnar en hún væri hinn raunverulegi eigandi. Aðspurð um það hvers vegna hún drægi framburð sinn fyrir lögreglu til baka kvaðst hún hafa talið víst að bróðir hennar hefði verið á bifreiðinni í umrætt sinn en hann hefði verið í óreglu á þessum tíma. Hún hafi síðan komist að því að svo var ekki og því dregið framburð sinn til baka. Ákærða kvaðst síðar hafa farið með bróður sínum til að sækja eigur sínar í bifreiðina sem hafi verið ónýtt og þá hefði kveikjuláslykill verið í svissinum í bifreiðinni.

Ásbjörn Stefánsson lögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið, ásamt Berki Árnasyni lögreglumanni, að aka norður Rauðarárstíg í átt að Hverfisgötu þegar hann sá konu ganga yfir Rauðarárstíginn. Fljótlega hefði komið tilkynning frá FML um að bifreið hefði verið ekið utan í steiptan kant á Skarphéðinsgötu í Reykjavík og vitni væri á eftir ökumanni sem væri á Rauðarárstíg. Kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni strax upp á Rauðarárstíg aftur og séð þá ákærðu ganga upp Stórholtið. Í framhaldi hefði för hennar verið stöðvuð en hún hafi verið áberandi ölvuð. Var þá rætt við vitni sem var á Rauðarárstíg og hafði veitt ökumanninum eftirför. Kvað Ásbjörn að bifreiðin hafi verið illa farin, hún hafi verið skorðuð föst á veginum, sprungið á henni og felga skemmd. Kvaðst Ásbjörn vera nokkuð viss um að kveikjuláslykill hafi ekki verið í svissinum við skoðun á bifreiðinni á vettvangi.

Börkur Árnason lögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið að aka norður Rauðarárstíg og tekið eftir konu þar á gangi. Þegar þeir komu að Hlemmi hefðu þeir fengið tilkynningu frá FML um að ekið hefði verið á steinvegg. Þeir hefðu þá snúið strax við og grunað að um sömu konu væri að ræða og þeir höfðu séð á Rauðarárstígnum auk þess að þeir fengu upplýsingar um að vitni væri á eftir ökumanni. Aðspurður kvaðst hann vera viss um að engir lykklar hafi verið í svissi bifreiðarinnar og vettvangur hefði verið verndaður strax. Bifreiðin hefði verið mjög illa farin.

Hörður Ellert Ólafsson, kt. 000000-0000, Skarphéðinsgötu 20, Reykjavík, kom fyrir dóminn. Kvaðst hann muna eftir umræddu tilviki. Sagði hann að hann og kærasta hans hefðu verið komin í rúm og heyrð mikinn hávaða að utan og stokkið út í glugga. Þar hafi hann séð bifreið vera nánast þvera á götunni. Hann hefði í framhaldi heyrð mikinn hávaða og surg frá bifreiðinni eins og verið væri að reyna að setja bifreiðina í gír. Eftir stutta stund hefði ökumaður stigið út úr bifreiðinni og litið undir bílinn en ökumaður staðið illa í fætarna. Þá hefði hann hringt í Neyðarlínuna og verið í beinu sambandi við þá. Hann hefði síðan séð ökumanninn ganga í burtu og hann þá flýtt sér í föt og hlaupið út en á meðan hann fór í föt hefði hann misst sjónar á ökumanninum. Fljótlega eftir að hann var kominn út sá hann manneskju og sá að það var sama manneskjan og hafði stigið út úr bifreiðinni,

enginn annar hafi verið á ferli. Kvaðst hann hafa fylgt ökumanni eftir niður á Rauðarárstíg og verið í beinu sambandi við Neyðarlínuna allan tímann. Kvað hann engan annan hafa stigið út úr bifreiðinni. Kvaðst hann búa á miðhæð hússins og hafa séð vel út yfir vettvang. Kvað hann ökumann hafa gengið út Skarphéðingsgötu, Gunnarsbraut, Njálsgötu og niður Rauðarárstíg í átt að Hlemmi og síðan gengið yfir Rauðarárstíginn. Fljótlega hefði bifreið komið og haft afskipti af ökumanninum. Aðspurður kvaðst hann hafa verið handviss um og enginn vafi í hans huga að sú manneskja sem steig út úr bifreiðinni fyrir framan heimili hans og sú sem hann veitti eftirför hafi verið ein og sama manneskjan.

Frímenn Birgir Baldursson lögregluvarðstjóri kom fyrir dóminn. Kvaðst hann hafa verið á vakt umrætt kvöld. Ákærða hefði þá verið færð fyrir hann og skýrsla tekin af henni í framhaldi. Hafi ákærða verið talsvert ölvuð og með stæla. Tvö blóðsýni hafi verið tekin af ákærðu í framhaldi.

Þórir Björgvinsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn. Kvaðst hann hafa tekið skýrslu af ákærðu seinna um daginn og hafi ákærða verið í ágætu ástandi. Kvað hann ákærðu hafa játað ölvunaraksturinn af fúsum og frjálsum vilja og ekkert verið óeðlilegt við framkomu hennar. Kvaðst hann muna vel eftir umræddri skýrslutöku og ástandi ákærðu og hefði ekkert óeðlilegt verið við hana.

Niðurstöður:

Ákærða játaði sök varðandi akstur sinn þann 9. mars sl. Er játning hennar í samræmi við gögn málsins og verður ákærða sakfelld fyrir þá háttsemi.

Ákærða neitaði sök varðandi ákærulið II. Aðspurð að því hvers vegna hún hafi fyrst neitað sök þegar lögreglan hafði afskipti af henni en síðan játað aksturinn hálfum sólarhring síðar hjá lögreglunni kvaðst hún hafa haldið að bróðir hennar hefði kannski verið á bifreiðinni og ætlað að taka sökina á sig. Hún hafi svo komist að því síðar að það hafi ekki verið rétt og því neiti hún sök nú.

Tveir lögreglumenn komu fyrir dóminn og kváðust hafa tekið eftir ölvaðri konu ganga eftir Rauðarárstígnum og fara yfir hann umrædda nótt. Eftir að hafa stuttu síðar fengið tilkynningu um að ekið hafi verið á steinvegg við Skarphéðingsgötu 20 og að ökumaður hafi farið af vettvangi, sneru þeir strax við og sáu konuna ganga upp Stórholt. Vitni, sem hafði fylgt konunni eftir, staðfesti við lögregluna þá að um ökumann bifreiðarinnar hafi verið að ræða. Þá liggur fyrir skýr vitnisburður Harðar Ellerts Ólafssonar sem kvaðst hafa séð ökumann, konu, stíga út úr bifreiðinni, ökumannsmegin, fljótlega eftir að hún ók á vegginn, og ganga burtu. Veitti hann konunni eftirför en engir aðrir gangandi vegfarendur urðu á leið hans. Var hann fullviss um að sú kona sem hann veitti eftirför væri sama konan og steig út úr bifreiðinni stuttu áður. Veikir það ekki framburð vitnisins að hann hafi misst sjónar á konunni stutta stund á meðan hann klæddi sig þar sem hún var enn í auglýn hans þegar hann kom út á götuna og hann ekki í neinum vafa um að ökumaður bifreiðarinnar var þar á ferð. Veitti hann ökumanni óslitna eftirför þar til að lögreglan hafði afskipti af ökumanni.

Framburður ákærðu fyrir lögreglu og dómi hefur verið á reiki. Fyrst neitaði hún sök hjá lögreglu. Rúmum hálfum sólarhring síðar játaði hún að hafa ekið bifreiðinni og lýsti akstursleið sem gæti samræmst akstri bifreiðarinnar og dró fyrri framburð sinn til baka. Fyrir dómi neitaði hún sök og bar við að hún hafi verið að hlífa bróður sínum þegar hún játaði aksturinn. Er sú skýring ákærðu frekar ótrúverðug og ekkert fram komið sem styður hana. Þá var annar lögreglumaðurinn viss um að enginn lykill hafi verið í kveikjulás bifreiðarinnar á slysstað og taldi hinn lögreglumaðurinn að svo hafi ekki verið en ákærða kvað kveikjuláslykil hafa verið í sviss bifreiðarinnar þegar hún sótti eigur sínar í hann hjá Króki síðar. Stangast það á við framburð tveggja lögreglumanna.

Verður því að telja, með vætti tveggja lögreglumanna og Harðar Ellerts Ólafssonar, lögfulla sönnun fram komna um að ákærða hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Verður hún því sakfelld fyrir þá háttsemi eins og segir í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur henni ekki verið gerð refsing áður.

Að fenginni þessari niðurstöðu skal refsing ákærðu hæfilega ákveðin 280.000 króna sekt til ríkissjóðs sem ákærðu ber að greiða innan fjögurra vikna frá birtingu dóms að telja en sæta ella fangelsi í tuttugu daga. Þá skal ákærða svipt ökurétti í þrjú ár frá birtingu dóms að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað með vísan til 165. gr. laga um meðferð opinberra mála, sem er samkvæmt yfirliti 84.861 krónur vegna blóðrannsóknar og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Benedikts Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 155.376 krónur, auk aksturskostnaðar, 16.680 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Gunnar Örn Jónsson fulltrúi sótti mál þetta fyrir hönd ákæruvaldsins.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Gunný Judith Henrysdóttir, greiði 280.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í tuttugu daga.

Ákærða skal svipt ökurétti í þrjú ár frá birtingu dóms að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, 256.917 krónur, þar af eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Benedikts Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 155.376 krónur, auk aksturskostnaðar, 16.680 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ástríður Grímsdóttir.

